

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/184
komudagur 28.11.2005

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 25. nóvember 2005

Vegna þingsályktunartillögu um skipulagða leit að krabbameini í ristli, 13. mál

Stjórn Félag íslenskra krabbameinslækna fagnar ofangreindri þingsályktunartillögu um skipulagða leit (skimun) að ristilkrabbameini á Íslandi.

Tillaga þessi er í samræmi við klínískar leiðbeiningar landlæknis og heilbrigðisáætlun til 2010 um að stefna beri að auknum forvörnum. Ristilkrabbamein er meðal algengustu krabbameina á Íslandi og hefur tíðni þess farið vaxandi. Meðferð við langt gengnu ristilkrabbameini er erfið, kostnaðarsöm og því miður læknað ekki nema örfáir af þeim, sem greinast á seinni stigum sjúkdómsins, þótt nýjungar í meðferð, svo sem lyfjameðferð hafi bætt þann árangur. Horfur eru mun betri ef sjúkdómurinn greinist snemma. Reynsla Íslendinga af skimun fyrir krabbameini í leghálsi og brjóstum hefur verið góð og á verulegan þátt í lækun dánartíðni af völdum þessara sjúkdóma.

Rannsóknir sýna að skimun lækkar dánartíðni af völdum ristilkrabbameins og búast má við að enn betri árangur náist með bættri greiningartækni.

Stjórn Félag íslenskra krabbameinslækna lýsir því yfir stuðningi við þessa þingsályktunartillögu. Mikilvægt er að góð umræða verði meðal almennings og heilbrigðisstarfsmanna um mikilvægi skimunar fyrir ristilkrabbameini.

Virðingarfyllst,

f.h. Stjórnar Félags íslenskra krabbameinslækna


Óskar Þór Jóhannsson, formaður